

Gallon ehf.  
Borgartún 26  
105 Reykjavík

Akureyri, 4.6.2024  
UST202401-161/G.S.Á.  
08.06.02

## Efni: Reglubundið eftirlit þann 08.05.2024 - Gallon ehf., Örfirisey, ID 143

Þann 8. maí sl. fór fram reglubundið eftirlit í olíubirgðastöð Gallon ehf., Örfirisey. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

### Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

- Ábending er sett fram um að hreinsa þurfi rusl sem safnast hefur upp á lóðinni, meðfram girðingu við sameiginlegt geymslusvæði, sunnan við geymasvæði. **Frágangur vegna þessarar ábendingar verður tekinn út í næsta eftirliti.**

### Eitt frávík kom fram er varðar:

- Gr. 3.2 í starfsleyfi. Þrýstiprófa skal lagnir á 5 ára fresti. Allar 12 lagnirnar í stöðinni voru þrýstiprófaðar árið 2018 og átti því að prófa þær aftur árið 2023. Átta lagnir voru ekki þrýstiprófaðar fyrr en í janúar og febrúar 2024 og er það því frávík. **Þrýstiprófanir hafa farið fram og allar skýrslur varðandi þrýstiprófanirnar hafa verið sendar til eftirlitsaðila og frávikinu er því lokað.**

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
sérfræðingur

Gottskálk Friðgeirsson